

# BRA

## BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNNS

**“Lentir þú í árekstri”**

Láttu okkur þá laga bílinn.

Frí Tjónaskoðun.



★ FIMM STJÖRNU GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi

☎ 554 2510

www.bilasprautun.is



**Laxaolía**

Styður við heilbrigða húð og feld

# KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

33. tbl. 30. árg. Fimmtudagur 21. nóvember 2024. Kópavogspóstinum er dreift ókeypis inn á heimili í Kópavogi  
FRÉTTABLAÐ KÓPAVOGSBÚA FRÁ 1994 BÆJARBLAÐIÐ ÞITT! VEFSÍÐA: [WWW.KGP.IS](http://WWW.KGP.IS)

**KOMINNTÍMIA SKOÐUN?**

Verið velkomin með bílinn í skoðun á **Dalveg 22**

Lyfjaval HEILSA & HÁMINGJA

Bílaapótek Lyfjaval  
Hæðasmára

FASTEIGNASALAN **TORG**

KRAFTUR  
TRAUST  
ÁRANGUR

Darri Örn  
löggiltur fasteignasali  
Sími 767-0000

Bæjarlind 14-16  
www.errea.is

**MEKÓ**

**MENNING Í KÓPAVOGI**

## Stefnt á úthlutun 2. áfanga í Vatnsendahvarfi í upphafi árs 2025



Gatnagerð í Vatnsendahvarfi fór af stað af fullum krafti í lok september sl.

Í Vatnsendahvarfi er gert ráð fyrir 500 íbúðum í fjölbýli, par- og ráðhúsum og sérbýli og það var mikill áhugi þegar sex lóðir fyrir fjölbýlishús voru boðnar út í 1. áfanga í maí sl. og var eftirspurn langt umfram framboð.

Þá stóð til að bjóða út 2. áfanga í sumar og stefnt var á að úthluta þriðja og síðasta áfanga á þessu ári. Það hefur þó ekkert bólað á

úthlutun og Kópavogspósturinn spurði Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóra hver staðan er - hvað tefur ferlið? „Við gerum fastlega ráð fyrir að hefja úthlutun í upphafi næsta árs. Í þessu samhengi er nú mikilvægt að hafa í huga að efnahagsumhverfið hefur ekki verið að vinna með okkur en samfara því sem vextir eru að lækka teljum við mikilvægt að klára sem fyrst úthlutun í Vatnsendahvarfi,” segir Ásdís. Framhald á blaðsíðu 12 í Kópavogspóstinum.

**LÆGSTA**  
VERÐIÐ  
Í KÓPAVOGI  
ER Á **DALVEGI**

**HAFID**  
FISKVERSLUN  
- Gæðin skipta máli -  
Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

## Nettó Engihjalla

Opið alla daga 8-24



**nettó**

**30% AFSLÁTTUR**  
MEÐ VILDARKORTI  
LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



**LIND**  
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálningu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmiðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / [www.fastlind.is](http://www.fastlind.is)

# Áherslur okkar eru skýrar

Rekstur Kópavogsbæjar er traustur og er góðum rekstri skilað í formi lægri skatta til bæjarbúa. Í fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir afgangi á rekstri bæjarins, fjárfest er í innviðum fyrir framtíð bæjarins og þjónusta við bæjarbúa er sett í forgang. Þá halda fasteignaskattar áfram að lækka á bæði íbúa og fyrirtæki. Fjármagni er forgangsraðað í grunnþjónustu og viðbótarfjármagn veitt í velferðar- og menntamáli. Þrátt fyrir miklar framkvæmdir eru skuldir áfram hóflegar og skuldahlutfall langt undir lögbundnu viðmiði.

## Skattar lækka

Við, sem skipun meirihluta í Kópavogi, höfum lækkað fasteignaskatta og önnur gjöld á hverju ári það sem af er þessu kjörtímabili. Engin breyting er á því fyrir næsta ár, en í fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir að fasteignaskattar á heimili og fyrirtæki lækki áfram. Þessar skattalækkningar koma til móts við hækkandi fasteignaverð sem ella hefði skilað bæjarsjóði enn hærra skattheimtu, en situr nú eftir hjá íbúum og fyrirtækjum. Fasteignaskattar í Kópavogi eru í dag meðal þeirra lægstu á landsvísi og fasteignagjöld hafa ekki hækkað að raunvirði undanfarin ár. Við samanburð á fasteignagjöldum og fasteignamati sem Bygðarstofnun birtir fyrir árið 2024 sést glögglega hvernig fasteignagjöld í Kópavogi eru þau lægstu höfuðborgarsvæðinu.1

## Fjárfest í framtíð bæjarins


Áfram tryggjum við að innviðir mæti þörfum bæjarbúa og viðhaldi eigna sé vel sinnt. Á vegum bæjarins er gert ráð fyrir framkvæmdum á grunninnviðum fyrir um sex og hálfan milljarða króna.

Stærstu framkvæmdir eru bygging nýs skóla á Kársnesi sem lýkur á næsta ári. Þá hefjast framkvæmdir við nýjan leikskóla við Skólalátröð. Hafinn verður undirbúningur á nýjum leikskóla við Naustavör og leik- og grunnskóla í nýju hverfi við Vatnsendahvarf. Þá verða skóla og leikskólalóðir endurnýjaðar samkvæmt áætlun. Lókið verður við nýtt búsetuúrræði í Kleifakór. Stækkun hjúkrunarheimilis í Boðþingi heldur áfram og er gert ráð fyrir að framkvæmdum ljúki 2025. Kópavogsbær greiðir 15% kostnaðar í hjúkrunarheimili.

## Loforð frá 2012 verður að veruleika

Á næsta ári munu framkvæmdir við aðalvöll HK hefjast en frá árinu 2012 hafa bæjaryfirvöld í Kópavogi lofað að knattspyrnuvöllur yrði byggður utanhúss við íþróttasvæði félagsins. Loforðið var gefið á þeim tíma þegar farið var í að skipta íþróttasvæðum í Kópavogi á milli íþróttafélaganna tveggja, Breiðablik og HK. Þannig er Breiðablik með aðstöðu í Fagralundi og Smáranum og HK í efri byggðum. Nú tólf árum síðar er kominn tími á að uppfylla þetta loforð við HK-inga!

Það kemur hins vegar á óvart að bæjarfulltrúi Viðreisnar, sem hefur setið í bæjarstjórn frá 2014, hefur bæði í þessari fjárhagsáætlun og þeirri síðustu barist ötullega gegn uppbyggingu á stúku í efri byggðum og telur að forgangsraða eigi fjármunum í önnur verkefni. Við getum ekki tekið undir þennan málfletning Viðreisnar og teljum að með því að fresta enn frekar slíkra uppbyggingu sé verið að hundska enn eitt árið íbúa í efri byggðum Kópavogs og þá þúsund iðkendur sem í rúmlega áratug hafa beðið eftir að fá sinn keppnisvöll utandyra.



### Skuldir hóflegar og lækka áfram

Þrátt fyrir umfangsmiklar fjárfestingar halda skuldir bæjarins áfram að lækka, en frá árinu 2022 hafa heildarskuldir án lífeyrisskuldbindinga lækkað að raunvirði og verða 7% lægri en þær voru þegar núverandi meirihluti tók við. Þrátt fyrir hátt vaxtastig hefur hreinn fjármagnskostnaður jafnframt lækkað og ekki mælst lægri í áratug, hið minnsta. Skuldhlutfall Kópavogs er rúmlega 92% sem er langt undir lögbundnu viðmiði sem er í dag 150%. Þá er jafnframt heilbrigðismerki að bera skuldir á hvern íbúa saman við skuldir annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu en miðað við Reykjavík, Garðabæ og Hafnarfjörð eru skuldir á íbúa hvergi lægri en í Kópavogi.

### Við stöndum vörð um góðan rekstur

Íbúar gera kröfur til pólitískra fulltrúa um að fara vel með skattfé þeirra, forgangsraða verkefnum í þágu grunnþjónustu og ráðast í breytingar til að stuðla að enn betri þjónustu. Með slíkt í huga höfum við ráðist í markvissar hagræðingaraðgerðir undanfarin ár þvert á svið bæjarins, samhliða því sem við höfum lækkað kostnað í pólitískum nefndum og ráðum með því að fækka fundum. Slíkar aðgerðir hafa skilað umtalsverðum sparnaði. Á næsta ári ætla Kópavogsbær að stíga markviss skref í innleiðingu á gervigreind með það að markmiði að auka þjónustu við bæjarbúa, skilvirkni í stjórnsýslunni og bæta ákvörðunartöku. Þar liggja mikil tækifæri

til sóknar, en rannsóknir sýna að 30% af vinnutíma opinberra starfsmanna má sjálfvirknivæða með tilkomu gervigreindar. Við þurfum stöðugt að leita leiða til að fara betur með fjármuni skattgreiðenda.

Líkt og síðustu ára endurspeglast þessar áherslur í fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar þar sem hagsmunir bæjarbúa eru í forgangi, skattar lækkaðir og þjónustan efl.

Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs  
Orri Vignir Hlöðversson, formaður bæjarráðs Kópavogs

<https://www.byggdastofnun.is/is/frettir/samanburdur-fasteignagjalda-heimila-arid-2024>

**FRÍMANN & HÁLFDÁN**  
ÚTFARARÞJÓNUSTA

Frimann 897 2468 | Hálfmán 898 5765 | Ólöf 898 3075 | Jón 793 4455

Stapahrauni 5, Hafnarfirði | Sími: 565 9775 | www.uth.is - uth@uth.is

## Mæðrastyrksnefnd Kópavogi

Umsóknir um jólaaðstoð fyrir Kópavogsbúa verða alla þriðjudaga í nóvember kl:16-18 að Fannborg 5 Kópavogi.

*Athugið að skila þarf inn íbúasýn frá Kópavogsbæ og staðgreiðslufirliti frá rsk. Gögnin þurfa að vera útprentuð.*

## Framhald af forsiðu

### Viðburðarrík heimsókn grænleikra barna í sundkennslu í Kópavogi

## Stefnt á að úthluta á Glaðheimasvæðinu á næsta ári

**Hefur engin áhrif á fjárhagsáætlun ársins 2024**  
Hefur þessi seinkun einhver áhrif á uppgjör fjárhagsáætlunar Kópavogsbæjar fyrir árið 2024? „Kópavogsbær gerir ekki ráð fyrir tekjum af úthlutun lóða í fjárhagsáætlun og því hefur það engin áhrif á áætlunir okkar þó úthlutun færist yfir á næsta ár. Við gerum ráð fyrir að úthlutun hefjist í byrjun næsta árs og munum auglýsa vel áður en til þess kemur. Í næsta áfanga munum við t.a.m. bjóða upp á einbýlis- og parhúsalóðir sem við vitum að beðið hefur verið eftir í Kópavogi. Við reiknum svo með að 3. áfangi fylgi svo í kjölfarið, væntanlega með vorinu. Úthlutunin er í takt við gatnagerðina þannig að það er samfella í uppbyggingunni, það tekur tíma að byggja upp hverfi af þessari stærðargráðu,“ segir Ásdís.

**Tryggt að skólinn verði tilbúinn þegar fólk flytur í hverfið**  
Og samkvæmt fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2025 þá ætlið þið að hefja undirbúning á nýjum leik- og grunnskóla í Vatnsendahvarfi? „Undirbúningur fyrir nýjan skóla er hafinn og er að sjálfsögðu tryggt að hann verði tilbúinn þegar fólk flytur í hverfið,“ segir hún en reiknað er með að hverfið verði fullbyggt 2027-2028.

**Stefnt á að hefja skipulagsvinnu fyrir Vatnsendahlíðina árið 2026**  
Svona til lengra tíma lítið. Hvaða byggingasvæði eru þið að horfa til í náinni framtíð? „Kópavogsbær ólíkt mörgum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu á takmarkað landrými eftir til að brjóta nýtt land. Við eigum þó eftir að úthluta við Glaðheima og stefnum á úthlutun þess

**Stefnt er á að úthluta lóða í 2. áfanga Glaðheimasvæðisins á næsta ári**

svæðis á árinu 2025. Þá stefnum við á að hefja skipulagsvinnu í Vatnsendahlíðinni árið 2026,“ segir Ásdís að lokum.

relaxation.is

# RELAXATION CENTRE

## NUDD OG SNYRTING

Kópavogspósturinn - kgp.is Netfang: valdimar@kp.is - Vefsíða Kópavogspóstins - www.kgp.is - vertu vinur okkar á Facebook, Instagram eða Twitter

2

# KJÓSTU → ÖÐRUVÍSI

30.  
NÓVEMBER



# PÍRATAR



# Almenningsbókasöfnin skipta máli

## • Metaðsókn á Bókasafni Kópavogs



Lísa segir að almenningsbókasafnið skipa stóran sess í inngildingunni nýrra Kópavogsbúa og aðlögun þeirra að íslensku samfélagi.

Bókasafn Kópavogs sló aðsóknarmet í október þegar samtals yfir 20.000 gestir komu í bæði útibú þess, aðalsafn og Lindasafn, þann mánuð. Aldrei hafa fleiri gestir sótt safnið í einum mánuði frá opnun árið 1953. Og það sem af er árs bendir allt til að met verði slegið í gestafjölda yfir allt árið.

Gestatölur, ekki eingöngu á Bókasafni Kópavogs heldur á öllum almenningsbókasöfnum landsins, sýna okkur að þörfin fyrir almenningsbókasöfn hefur aldrei verið jafn mikil. Samfélagið í heild þarf almenningsbókasöfn. Þau skila margföldum ágóða til samfélagsins og sveitar alls sem ekki mælist í krónutölum, heldur m.a. í auðugu mannlífi, bættri lýðheilsu og upp-lystu samfélagi.

Almenningsbókasafnið er samfélagsþjónusta og oft eina rými sveitarfélaga sem fólk getur komið inn á án þess að þurfa að finna sig knúið til að taka upp veskið. Að við höfum rými þar sem þetta er mögulegt og við getum boðið íbúum sveitarfélaga „sitt“ rými til notkunar án endurgjalds er mikilvægt.

Almenningsbókasafnið er menningarmiðstöð og félagsmiðstöð íbúa, það er hlutlaus staður þar sem fólk getur nálgast bæði upplýsingar og afþreyingu og er rými sem fólk sækir í til að hitta vini eða koma með fjölskylduna. Þessi þróun er orðin mjög áberandi á Norðurlöndunum og er Ísland enginn eftirbátur þar. Á Bókasafni Kópavogs er lögd áhersla á að gestum líði vel á safninu og að það sé þriðji áfangastaður fólks.

Almenningsbókasafnið er samfélagslegt vin þegarinn, það stuðlar að lýðheilsu, eykur lífsgæði og er stuðningur og félagslegt net einstæðinga, fólks sem er utan- og fólks sem þarfnast félagslegra

tengsla. Fólks sem mögulega fer hvergi annað yfir daginn. Við viljum hlúa að fólkinu okkar og á Bókasafni Kópavogs er lögd áhersla á persónulega þjónustu til allra.

Almenningsbókasafnið skipar stóran sess í inngildingunni nýrra Kópavogsbúa og aðlögun þeirra að íslensku samfélagi. Það eru sjálfsögð mannréttindi að hafa aðgang að „sínu“ almenningsbókasafni. Öll eru velkomin á almenningsbókasöfnin burtséð frá kyni, þjóðerni, stétt eða stöðu og hafa söfnin lagt áherslu á þennan þátt í allri sinni starfsemi í mörg ár.

Almenningsbókasafnið á stóran þátt í lestri barna og ungmenna og stuðlar að læsi í allri grunnstarfsemi sinni. Almenningsbókasöfnin bregðast ekki skyldum

sínum varðandi læsi og lestur, sérstaklega er þetta mikilvægt í umræðunni um læsi barna og ungmenna. Söfnin reyna eftir bestu getu og fjármagni að bjóða fjölbreytt úrval bóka sem höfðað gætu til sem flestra, en því miður miðast úrvalið við það sem gefið er út. Til þess að auka úrvalið þarf að setja meira fjármagn í skrif á barna- og ungmennabókum.

Við megum ekki gleyma því að almenningsbókasöfn eru til þess að þjóna og hlúa að samfélaginu, þau auka lífsgæði og eru sjálfsögð mannréttindi.

Velkomin öll á almenningsbókasöfn landsins.

Lísa Z. Valdímarsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Kópavogs

### X 24 Alþingiskosningar

## Herferðin gegn framtakssemi og nýsköpun

Í aðdraganda kosninga nú hefur komið upp umræða um það að með ákvörðun einstaklinga um að stofna til atvinnurekstrar komist þeir í vænlega stöðu í skattalegu tilliti og greiði minna til samfélagsins en aðrir. Blasi því við að þarna sé fundin féþúfa skattheimtumanna.

Hér er um ræða misskilning á því hvernig skattkerfið virkar, en ekki síður er gert lítið úr mikilvægi þess framtakssama fólks sem leggur í þá vegferð að stofna til atvinnurekstrar.

Þegar fólk ákveður að stofna fyrirtæki, fylgir því oftast áhætta. Áhætta sem getur falist í fjárfestingum, vinnuframlagi, tíma og orku, og oft eru fyrirtæki ekki arðbær fyrstu árin. Fyrirtækjarekstur krefst mikillar skuldbindingar og er áhættusamur. Ef fyrirtæki gengur vel og hagnast þá kemur til greiðslu tekjuskatts fyrirtækja sem er nú 21%. Ef hagnaður er greiddur út úr fyrirtæki sem arður til eigenda þá er greiddur fjármagnstekjuskattur sem nemur 22% í tilvikum einstaklinga. Virk skattprósenta er því 38,4% (21% + 79%\*22%) og því skatt- hlutfall herra en á launatekjur flestra einstaklinga. Þá er ekki tekið tillit til þess að rekstur fyrirtækja er áhættusamur og óvissa er um afkomu fyrirtækja og eigenda. Frumkvöðull sem stofnar fyrirtæki þarf jafnframt að reikna sér laun og greiða af þeim skatta og lögbundin gjöld.



Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir

Það er því enginn sérstakur skattalegur hvati til þess að ráðast í eigin atvinnurekstur fremur en að ráða sig í launað starf.

Samkvæmt skýrslu Reykjavík Economics þá eru langflest fyrirtæki eða tæplega 98% lítil og meðalstór. Einkahlutafélög eru yfir 47.000 og hlutafélög eru innan við 500 samkvæmt tölum frá hagstofnunni. Þetta eru fyrirtæki sem hafa verið byggð upp af dugnaði og elju.

Ef við viljum halda áfram að hvetja til nýsköpunar þá viljum við að fólk fylgi eftir hugmyndum sínum og taki þá áhættu sem því fylgir í þeirri von að það takist að skapa

verðmæti. Það mikilvægasta við nýsköpun er að hún skapar lausnir við áskorunum og opnar nýja möguleika. Nýsköpun getur leyst vandamál, aukið efnahagsvöxt, bætt lífsgæði og þar með verið hluti af því að tryggja framtíð samfélagsins. Að sama skapi er auðvelt með flóknu og íþyngjandi regluverki að draga úr nýsköpun. Það var slæmt þegar fráfarandi ríkisstjórn hækkaði fjármagnstekjuskatt úr 20% í 22%, og latti þannig framtakssemi og nýsköpun. Hugmyndir Samfylkingarinnar um að ætla sér að hækka þennan skatt í 25%, letja enn frekar. Skattkerfið þarf að vera sanngjart og af framansögðu er ljóst að þeir einstaklingar sem stofna einkahlutafélög borga fyllilega sinn skerf til samfélagsins.

Miðflokkurinn vill hvetja til framtakssemi og nýsköpunar. Þannig sköpum við verðmæti fyrir samfélagið, og fyrir áhugasama um skatttekjur, þá aukast þær með aukinni verðmætasköpun jafnvel þótt skatthlutföll séu lækkuð fremur en hækkuð.

Látum skynseminna ráða.

Stöndum með framtakssömu fólk og gerum rekstrarumhverfi fyrirtækja hvetjandi, fyrirsjáanlegt og sanngjart

Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir  
Höfundur skapar 2. Sætið á lista Miðflokksins í SV kjördæmi (Kraginn)

# KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

Útgefandi: Kópavogspósturinn ehf.  
Netfang: valdimar@kp.is Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson,  
Sími: 697 4020. Vefsíða: [www.kgp.is](http://www.kgp.is) Umbrot: Kópavogspósturinn ehf.  
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Kópavogspósturinn kemur næst út 28. nóvember  
Síðasti skiladagur er föstudaginn 22. nóvember  
valdimar@kp.is - Sími 697 4020  
Vefsíða Kópavogspóstisins, [www.kgp.is](http://www.kgp.is)  
Kópavogspósturinn er á: Facebook, Twitter og Instagram

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

ALÚÐ VIRÐING  
TRAUST REYNSLA

síðan 1996

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | [www.utforin.is](http://www.utforin.is)

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Andrés Andrésón  
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn Jóhannsson  
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða [utforin@utforin.is](mailto:utforin@utforin.is)

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is)

## BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AÐUNGS

Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi  554 2510

[www.bilasprautun.is](http://www.bilasprautun.is)












### Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utforin.is](mailto:utfor@utforin.is) | [utforin.is](http://utforin.is)  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Kópavogspósturinn á [www.kgp.is](http://www.kgp.is)  
[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)

# LÆKKUM SKATTA!

**Stöðvum óráðsú í ríkisrekstri. Það á ekki að brúðla með peningana þína.**



Kynntu þér málin  
nánar á [miðflokkurinn.is](http://miðflokkurinn.is)

ÁFRAM ÍSLAND  
MIÐFLOKKURINN



## Varist eftirlíkingar

Eftir tæpar tvær vikur verður gengið til kosninga. Þá nýta landsmenn lýðræðislegan rétt sinn til að kjósa sér æðstu ráðamenn landsins til næstu fjögurra ára. Það er stór fjárfesting og kjósendur velja þann kost sem þeir telja að samræmist best þeirra eigin lífsgildum. Einstaklingsfrelsið er ekki bara mikilvægt fyrir einstaklinginn sjálfan heldur vegna þess að þannig farnast samfélagum best.

Við lifum á alvarlegum tímum og það skiptir máli að stjórnáamenn hafi burði og skilning á umhverfi sínu. Við munum þurfa að sýna mikla ábyrgð á komandi miss-erum, yfirvegun og vanda okkur.

Sjálfstæðisflokkurinn veit fyrir hvað hann stendur, nú sem endranær. Við viljum sækja fram á grundvelli einstaklingsfrelsis og aukinnar verðmætastöpunar. Við viljum ekki ríkisrekstur nema nauðsynlegri þörf verði ómögulega mætt að öðrum kosti. Við viljum ekki að ríkið reki banka eða stundi verslunarrekstur. Við viljum að þjónustuframboð sé til staðar fyrir fólkið í landinu þótt hið opinbera greiði fyrir hana vegna þess að þekkingin og hugvitið er dreift um allt samfélagið.

Við viljum öflugt atvinnulíf sem fær að vaxa með hagkvæmri umgjörð fyrir samfélagið allt. Við viljum áframhaldandi alþjóðavíðskipti og skiljum að lífsgæði okkar eru drifin áfram af utanríkisviðskiptum okkar. Við viljum meira hugvit og nýsköpun, hina óþrjótandi auðlind og að Ísland verði besta land í heimi fyrir nýsköpunarfyrirtæki.

Við viljum meiri metnað í menntamálum - að við sýnum komandi kynslóðum þá



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

virðingu að við tökum gæði menntunar þeirra alvarlega. Við viljum valfrelsi í heilbrigðismálum - að fjármagn fylgi sjúklingum hver svo sem veitir þjónustuna. Umfram allt viljum við meira frelsi og fleiri tækifæri svo við getum áfram byggt okkar góða samfélag. Samfélag sem er eitt það besta í heimi í öllum samanburði og við getum verið svo ótrúlega stolt af.

Framfarasaga Íslands og saga Sjálfstæðisflokksins er samofin. Það er ekki tilviljun. Munum það 30. nóvember.

Senn verður gengið til kosninga. Við viljum standa vaktina og sækja fram fyrir íslenskt samfélag, fáum við til þess umboð frá fólki. Fyrir mér er valið auðvelt og augljóst. Fyrir mér er valið meiri árangur fyrir okkur öll.

**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**  
Höfundur er utanríkisráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins

## Gestirnir eru ekki af verri endanum

Bókaspjall Bókasafns Kópavogs hefst í kvöld klukkan 20

Í kvöld, fimmtudagskvöldið 21. nóvember kl. 20 verður hið árlega Bókaspjall Bókasafns Kópavogs.

Útgáfa jólabókanna hringir inn jólin hjá okkur Íslendingum enda fátt notalegra en að hjúfra sig undir teppi á dimmu kvöldi með góða bók. Bókaspjallið er því frábært tækifæri til að sjá nokkra höfunda jólabókafloðsins í ár koma saman í fjörugu spjalli um skáldverk sín.

Gestirnir eru ekki af verri endanum frekar en vanalega, en í ár erum við svo lukkuleg að fá til okkar Bennýju Sif Ísleifsdóttur, Bjarna Snæbjörnsson og Guðrúnu Evu Mínervudóttur.

### Miðaldra hárgreiðslukonuna sem leggur skærin á hilluna

Benný Sif Ísleifsdóttir var að gefa út bókina Speglahúsið. Bókin fjallar um miðaldra hárgreiðslukonuna Rósu, sem leggur



Guðrún Eva Mínervudóttir




Benný Sif Ísleifsdóttir

skærin á hilluna, flytur austur í Mjóafjörð og kemur á fót óvenjulegri ferðapjónustu. Mögnuð saga frá höfundi Hansdætra.

### Hvaða áhrif hefur það á mann að gangast ekki við hluta af sjálfum sér?

Bjarni Snæbjörnsson kynnir bók sína Mennsku. Bjarni ólst upp við algeran skort á hinsegin fyrirmyndum og neikvætt um-



Bjarni Snæbjörnsson



Guðrún Sóley

tal um homma. Hvaða áhrif hefur það á mann að gangast ekki við hluta af sjálfum sér? Bók sem talar til allra þeirra sem hafa glímt við skömm og reynt að skila henni, þeirra sem finnst erfitt að taka sér pláss og óttast viðbrögð annarra. Aðgengileg og hrifandi (skyldu)lesning.

### Guðrún Eva tekst á við veruleikann af einlægni og áræðni

Guðrún Eva Mínervudóttir les upp úr bók sinni í skugga trjána. Bókin er skáldævisaga þar sem Guðrún Eva tekst á við veruleikann af einlægni og áræðni, svo úr verður áhrifamikil saga – full af húnur, hlýju og skáldlegri vísu.

Guðrún Sóley Gestsdóttir, fjölmiðlakona og bókmenntafræðingur, stýrir umræðum.

Léttar veitingar, kertaljós og jólaleg huggulegheit. Aðgangur er ókeypis og öll velkomin.

GEFÐU ÞÉR OG ÞEIM SEM ÞÉR  
ÞYKIR VÆNST UM VELLÍÐAN

## GJAFAKORT

Nafn korthafa: \_\_\_\_\_

þjónusta eða vara: \_\_\_\_\_

Tímalengd eða upphæð: \_\_\_\_\_ Gildir út: \_\_\_\_\_



www.relaxation.is

RELAXATION CENTRE  
NUDD OG SNYRTING

Nýbýlavegi 8 & [www.relaxation.is](http://www.relaxation.is)

MINNI  
ÖFGAR  
MEIRI  
FRAMSÓKN



## Willum lætur verkin tala

Willum Þór Þórsson hefur sýnt það sem heilbrigðisráðherra að hann lætur hendur standa fram úr ermum.

Hann náði samningum við sérgreinalækna, samdi um liðskiptaaðgerðir, margfaldaði stuðning vegna tannréttinga, lækkaði kostnað kvenna vegna brjóstaskimana. Og hann er tilbúinn í frekari sókn fyrir samfélagið.

[xb.is](http://xb.is)

framtíðin ræðst á miðjunni  
**XB**  
framtíðin ræðst á miðjunni

Kjötkompaní

# NAUTALUND WELLINGTON

*Munið að þanta tímanlega*



DALSHRAUNI 13  
220 Hafnarfirði

BÍLDSHÖFÐA 18  
110 Reykjavík

GRANDAGARÐI 29  
101 Reykjavík

[kjotkompani.is](http://kjotkompani.is)



578 9700



[kjotkompani@kjotkompani.is](mailto:kjotkompani@kjotkompani.is)



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)



# KJÖRFUNDUR

vegna alþingiskosninga 30. nóvember 2024

Kjörfundur hefst kl. 8:00 og lýkur kl. 22:00

## Kjörstaðir í Kópavogi verða tveir

Íbúar vestan Reykjanesbrautar og í Lindahverfi kjósa í **Íþróttahúsinu Smáranum**, Dalsmára 5. Íbúar austan Reykjanesbrautar, að frátöldum þeim sem búa í Lindahverfi, kjósa í **Íþróttahúsinu Kórnum**, Vallakór 12.

Eftirtaldar kjördeildir verða í Kópavogi við alþingiskosningarnar 30. nóvember 2024:

### Íþróttahúsið Smárin við Dalsmára

#### 1. kjördeild

Aspargrund  
Auðbrekka  
Austurgerði  
Álfabrekka  
Álfaheiði  
Álfatún  
Álfhólsvegur  
Álftröð  
Bakkabraut

#### 2. kjördeild

Arnarsmári  
Álalind  
Ásbraut  
Ástún  
Bakkahjalli  
Bakkasmári  
Bergsmári  
Birkihvammur  
Bollasmári

#### 3. kjördeild

Birkigrund  
Bjarnhólastígur  
Blikahjalli  
Borgarholtsbraut  
Brattatunga  
Brekkuhjalli  
Brekksmári  
Brekkutún  
Bryggjuvör  
Bræðratunga  
Bæjarlind  
Bæjartún  
Daltún  
Engjasmári  
Fellasmári

#### 4. kjördeild

Dalbrekka  
Dalvegur  
Digranesheiði  
Digranesvegur  
Efstihjalli  
Ekusmári  
Engihjalli  
Eyktarsmári

#### 5. kjördeild

Eskihvammur  
Fagrabrekka  
Fagrihjalli  
Fannborg  
Fífuhjalli  
Fífuhvammur  
Fífulind  
Fjallalind  
Foldarsmári

#### 6. kjördeild

Fitjasmári  
Fossvogsbrún  
Funalind  
Furugrund  
Furuhjalli  
Galtalind  
Geislalind  
Grenigrund  
Grófarsmári

#### 7. kjördeild

Gnitaheiði  
Gnípuheiði  
Grundarsmári  
Grænatunga  
Grænatún  
Grænihjalli  
Gullsmári  
Hafnarbraut  
Hamraborg  
Helgubraut

#### 8. kjördeild

Haukalind  
Háalind  
Hábraut  
Hátröð  
Hávegur  
Heiðarhjalli  
Heimalind  
Hjallabrekka  
Hlaðbrekka  
Hlégerði  
Hlíðarhvammur  
Hljóðalind  
Holtagerði  
Hólahjalli  
Hvannahólmi  
Hveralind  
Ísalind

#### 9. kjördeild

Hlíðarhjalli  
Hlíðarvegur  
Hlíðasmári  
Hófgerði  
Hraunbraut  
Iðalind  
Jöklalind  
Kópalind

#### 10. kjördeild

Hrauntunga  
Huldubraut  
Húsalind  
Jörfalind  
Kaldalind  
Kastalagerði  
Kópavogsbakki  
Kópavogsbarð  
Kópavogsgerði  
Kópavogstún  
Laugalind  
Lindarhvammur

#### 11. kjördeild

Kársnesbraut  
Kjarrhólmi  
Kópavogsbraut  
Kópavogsbrún  
Langabrekka  
Litlihjalli  
Mánabraut

#### 12. kjördeild

Krossalind  
Laufbrekka  
Lautasmári  
Laxalind  
Lindasmári  
Litlavör  
Ljósallind  
Meltröð  
Nónsmári

#### 13. kjördeild

Lyngheiði  
Lundarbrekka  
Lundur  
Lyngbrekka  
Marbakkabraut

#### 14. kjördeild

Lækjarhjalli  
Lækjasmári  
Mánalind  
Meðalbraut  
Melaheiði  
Melalind  
Melgerði  
Múlalind  
Neðstatröð  
Óstaðsettir  
Reynigrund  
Smíðjuvegur

#### 15. kjördeild

Núpalind  
Rauðihjalli  
Reynihvammur  
Selbrekka  
Silfursmári  
Skemmuvegur  
Skjólbraut  
Skógarhjalli  
Skólagerði  
Skólatröð  
Starhólmi  
Stórihjalli  
Suðurbraut  
Sunnubraut  
Sæbólsbraut  
Túnbrekka

#### 16. kjördeild

Naustavör  
Nýbýlavegur  
Skálaheiði  
Sunnusmári

#### 17. kjördeild

Trönuhjalli  
Tunguheiði  
Urðarbraut  
Vallargerði  
Vallartröð  
Vallhólmi  
Vesturvör  
Víðigrund  
Víðihvammur  
Vígólástígur  
Vogatunga  
Þinghólsbraut  
Þverbrekka

#### 18. kjördeild

Íslendingar erlendis

### Íþróttahúsið Kórinn við Vallakór

#### 1. kjördeild

Aðalþing  
Aflakór  
Akurhvarf  
Almannakór  
Andarhvarf  
Arakór  
Auðnukór  
Austurkór  
Álfahvarf  
Álmakór

#### 2. kjördeild

Álaþing  
Álfkonuhvarf  
Ársalir  
Ásakór  
Ásaþing  
Brekkuhvarf

#### 3. kjördeild

Asparhvarf  
Baugakór  
Björtusalir  
Blásalir  
Breiðahvarf  
Dalþing  
Desjakór  
Dofrakór  
Drekakór  
Fannahvarf

#### 4. kjördeild

Boðaðing  
Dimmuhvarf  
Drangakór  
Dynsalir  
Engjaþing  
Ennishvarf  
Fagraþing  
Faldarhvarf  
Faxahvarf  
Fákahvarf  
Goðakór  
Grandahvarf

#### 5. kjördeild

Fellahvarf  
Fensalir  
Fjallakór  
Flesjakór  
Fornahvarf  
Forsalir  
Fossahvarf  
Frostaðing  
Fróðaðing  
Glósalar  
Glæsihvarf  
Gnitakór  
Goðasalir  
Grundarhvarf  
Gulaþing  
Hafraþing  
Kórsalir

#### 6. kjördeild

Hamrakór  
Hálsaþing  
Hásalir  
Heiðaðing  
Hlynsalir  
Hólmaþing  
Hörðukór  
Jórsalir  
Jötunsalir  
Klappakór  
Kleifakór  
Klettakór  
Logasalir  
Lómasalir  
Lækjarbotnar

#### 7. kjördeild

Melahvarf  
Miðsalir  
Perlukór  
Rjúpnasalir  
Roðasalir  
Skjólsalir  
Sólarsalir  
Straumsalir  
Suðursalir  
Tröllakór  
Þrúðsalir

#### 8. kjördeild

Vallakór  
Vatnsendablettur  
Vindakór  
Þorrasalir  
Þrymsalir  
Ögurhvarf  
Öldusalir  
Örvasalir

### Kópavogsbúar

Upplýsingar um kosningarnar er að finna á kosningavef dómsmálaráðuneytisins, [www.kosning.is](http://www.kosning.is) og á vef Kópavogsbæjar, [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér á kjörstað með því að framvísa **persónuskilríkjum**, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar.

Aðsetur kjörstjórnar á kjördag verður í **Íþróttahúsinu Smáranum**, sími 441 8911.

### Yfirkjörstjórnin í Kópavogi

Helgi Magnússon – Jón Ögmundsson – Jón Guðlaugur Magnússon



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)






Toyota  
Kaupúni

# ALGJÖR GRUNDEVALLAR- SMURNING

Nýttu þér sértíloð á smurþjónustu hjá  
Toyota Kaupúni til 30. nóvember.

20% afsláttur af olíu, síum, rúðupurrkum, perum og fleiru.\*

15% afsláttur af vinnu við smurningu.



Engin vandamál – bara lausnir

Toyota Kaupúni Kaupúni 6 Garðabæ 570 5070

\*Sértíloð á olíu, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolíusíum, þurrkublöðum, þurrkugúmmí, perum, rúðuvökva, frostlegi, Adblue og þjónustu. Afsláttur af vörum gildir eingöngu með þjónustu á staðnum.

## Vinna, vöxtur, velferð

Framsókn hefur í 108 ár unnið að stöðugum umbótum í íslensku samfélagi og nálgast verkefni hverju sinni með samvinnu að leiðarljósi. Þrátt fyrir langa sögu og miklar samfélagslegar breytingar þá hafa grunn gildi flokksins staðist tímans tönn og eiga jafn vel við í dag og þegar flokkurinn var stofnaður.

Framsókn setur manninn og velferð hans í öndvegi og vill byggja upp þjóðfélag á grunnildum lýðræðis, persónufrelsis, jafnréttis, hagsældar og samfélagslegrar ábyrgðar.

Áherslur okkar í Framsókn fyrir komandi kosningar, voru kynntar s.l. föstudag. Þær byggja á grunnildum flokksins út frá þeim áskorunum sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir í dag. Við setjum fjölskyldur í forgang, leggjum áherslu á að bæta gott samfélag og styðja áfram við ábyrg ríkisfjármál.

### Fyrir heimilið og samfélagið

Lækkun vaxta og verðbólgu er stærsta hagsmunamál heimila og fjölskyldna í dag. Það er ánægjulegt að sjá að þær aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til eru farnar að skila árangri. Verðbólgan er

að hjaðna jafnt og þétt og þá hefur Seðlabanki Íslands hafið vaxtalækkunarferlið. Með ábyrgri stjórnun ríkisfjármála munum við draga úr skuldum ríkissjóð og þ.a.l. úr kostnaði vegna vaxtagjalda og stuðlað að bættum lánkjörum ríkisins.

Samhliða leggjum við áherslu á að skapa skilyrði fyrir áframhaldandi hagvexti og verðmætasköpun í landinu með kröftugum og samkeppnishæfu atvinnulífi.

Áframhaldandi hagvöxtur og ábyrg ríkisfjármál skapa rými til að styðja enn betur við heimilin og velferð samfélagsins.

Í áherslum okkar koma m.a. fram aðgerðir sem snúa að því að létta undir með fjölskyldum og heimilum í landinu með því að draga úr kostnaði vegna matar og orkunotkunar. Þá er lagt til að lengja fæðingaorlof foreldra úr 12 mánuðum í 18 mánuði og hækka hámarksgreiðslur.

Húsnæðismál eru fyrirferðarmikil í áherslum okkar í Framsókn. Við viljum sjá réttlátari húsnæðismarkað og stórukið framboð af húsnæði í samstarfi ríkis og sveitafélaga. Hlutdeildarlánin hafa nú þegar sannað gildi sitt og því teljum við



Willum Þór Þórsson

skynsamlegt að styðja enn frekar við þau með auknu fjármagni ásamt því að taka upp óverðtryggð lán á föstum vöxtum til lengri tíma til að auka fyrirsjáanleika við rekstur heimilisins.

Vinna, vöxtur og velferð hefur verið leiðarstef okkar í Framsókn. Öflugt og kraftmikið atvinnulíf er grundvöllur verðmætasköpunar og hagvaxtar sem velferð samfélagsins byggir á.

Hægt er að skoða kosninga áherslur Framsóknar á vef okkar [xb.is](http://xb.is)

**Willum Þór Þórsson**, heilbrigðisráðherra og oddviti Framsóknar í Suðvesturkjördæmi

## Kalkúnaveisla sem getur ekki klikkað

Þakkargjörðarhátíðin hefur verið að skjóta rötum sem hefd meðal Íslendinga, þrátt fyrir að vera alamerísk hátíð. En við látum ekki gott tilefni til að koma saman og halda góða veislu fram hjá okkur fara. Þá eru matarhefðir þakkargjörðarinnar aðeins of gömsætar til að sleppa þeim.

Það er mikil kúnt að undirbúa stóran kalkún og það eru margar leiðir til. Margir flækja því þessa eldamennsku fyrir sér og veigra sér jafnvel við henni.

### Veisluhöldin aldrei verið einfaldari

Það þarf enginn að vera smeykur við að halda veislu með nýju línunni af réttum frá Kjötborðinu sem fást nú í Nettó. „Við viljum auðvelda fólki eldamennskuna og hjálpa þeim að halda dýrindis veislu fyrir vini og fjölskyldu. Nýju vörurnar eru allt sem þarf í þakkargjörðarveisluna; kalkúnabringa, kalkúnafylling, sætkartöflumús með kanil, strengjabunarréttur, mais brúlee og veislusósa. Við erum einstaklega ánægð með útkomuna á þessum réttum sem nýta



„Við viljum auðvelda fólki eldamennskuna og hjálpa þeim að halda dýrindis veislu fyrir vini og fjölskyldu. Nýju vörurnar eru allt sem þarf í þakkargjörðarveisluna,“ segir Helga Dís markaðs- og upplifunarstjóri Nettó

amerísku hefðirnar og setja þær í íslenskan búning“, segir Helga Dís Jakobsdóttir, markaðs- og upplifunarstjóri Nettó.

Öll veislan kemur tilbúin og þarf ekki að hita nema í 25 mínútur í ofni á 180°C. Það er einfaldlega ekki hægt að klúðra elduninni, að sögn Helgu.

### Þakkargjörð, aðventa og kosningar tilefni til veisluhalds

Nýja veislulínan er unnið í samstarfi við Sigmar Vilhjálmsson sem er betur þekktur sem Simmi Vill, bætir Helga Dís við. Sigmar er framkvæmdastjóri Eldum Gott sem þröar fjölbreyttar matvörur, með áherslu á tilbúna rétti, ferskvöru og rétti sem er hægt að füllelda heima. Hátíðarrettir verða aðeins tímabundið í sölu og mæta í verslanir Nettó 21. nóvember og verða í boði til 1. desember.

## MK-ingar heimsóttu Kaupmannahöfn



Nemendur í áfanganum DANS2BB í Menntaskólanum í Kópavogi heimsóttu Kaupmannahöfn ásamt kennurum sínum í síðustu viku. Hópurinn heimsótti m.a. Jónshús, þar sem forstöðumaður hússins

kynnti starfseminu og nemendur skoðuðu sýninguna um Ingibjörgu og Jón.

Fyrirverandi nemandi MK, Snædís Kruger hitti hópinn. Hún flutti til Kaupmannahafnar

eftir útskrift úr MK og sagði nemendum frá lífi og starfi námsmanns í borginni.

Hópurinn heimsótti einnig kokkalýðháskóla og fóru siglingu.

# AS WE GROW

UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN

KLAPPARSTÍG 29 | [ASWEGROW.IS](http://ASWEGROW.IS)

Vefsíða Kópavogspóstisins [www.kgp.is](http://www.kgp.is)

[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn) [Instagram.com/Kopavogsposturinn](https://www.instagram.com/Kopavogsposturinn)

**GRAND**  
BRASSERIE

# Þriggja rétta jólasæðill

Á GRAND BRASSERIE 13.11 – 23.12



HVANNAR- OG ANÍSGRAFÍN BLEIKJA  
heimabakað rúgbrauð, sinnepssósa, bleikjuhrogn



EINIBERJAMARÍNERAÐ DÁDÝR  
Waldorfsalat, kartöflubátar, lerkisveppasósa



HRAUNKAKA  
vanilluís, jarðaber

**11.900 KR.**  
Á MANN

**18.900 KR.**  
MEÐ VÍNPÖRUN

HÓTEL REYKJAVÍK GRAND

Bókaðu borð: [dineout.is/grandbrasserie](https://dineout.is/grandbrasserie) | Fyrir hópa: [veitingar.grand@hotelreykjavik.is](mailto:veitingar.grand@hotelreykjavik.is)

Grand Brasserie | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík

# Fullkominn hátíðarmatur í Hafinu

## Mikið úrval af jólavörum í Hafinu Hlíðasmára

Hafið fiskverslun hefur lengi verið í fremstu röð þegar kemur að fiskmeti og sjávarfangi, en nú undirbýr verslunin sig fyrir jólatímamann með glæsilegu úrvali af jólavörum. Þar má meðal annars finna grafinn og reyktan lax, humar, jólasíld Hafsins fjölbreyttar sósur, humarsúpu og úrval af meðlæti sem passar fullkomlega við hátíðarmatinn.

Garðapósturinn ræddi við Bjarka Gunnarsson, verslunarstjóra í Hafinu og spurði hann nánar um jólavörurnar í Hafinu.

### Jólasíld Hafsins vinsæl

Hvað getur sagt um jólavörur Hafsins, hvað er í boði í tilefni jólahátíðarinnar? „Við erum með Jólasíldina okkar sem hefur verið mjög vinsæl síðustu jóla, reyktan og grafinn lax ásamt sósum, humarinn er



Jólasíld Hafsins er hefur verið vinsæl

mættur og í næstu viku koma tveir hátíðarréttir í borðið,” segir Bjarki.

### Tvist með piparkökum

Eru einhverjar nýjungar í jólaúrvalinu hjá ykkur í ár? „Já, það er alltaf eitthvað nýtt. Við komum alltaf með einn til tvo hátíðarrétti eins og síðustu ár. Núna verður tvist með piparkökum og svo ein ný steik með nýrri gerð af smjöri ofan á.”

### Lúxusréttirnir vinælastir yfir jól og áramót

Hver hefur svo verið vinsælasti rétturinn ykkar yfir hátíðarnar? „Vinsælustu réttirnir fyrir jól og áramót hafa verið þessir lúxusréttir s.s. laxarúllan, fyltur lax, bleikjan með sitrónu og hvítlaukssmjöri, lúða í truflumarineringu svo eitthvað sé nefnt.”

### Jólavörur Hafsins fastur liður

Ög viðbrögð viðskiptavina ykkur við jólaúrvalinu hlýtur að vera góð þar sem þið eruð ekki að bjóða upp á jólavörur í fyrsta skipti í verslunum ykkar? „Já, salan á jólasíldinni og grafna laxinum fer mjög vel af stað, bæði erum við aðeins fyrr á ferðinni með þessa vöru og eins er þetta orðinn fastur liður hjá fólki að fá jólavörurnar hjá okkur. Fólk kemur sumt hvert langt að eingöngu til að nálgast jólavörurnar, sem okkur þykir gaman að heyra af.”

### Jólasíldin og stór humar seljast oft upp um miðjan desember

Eru einhverjar jólavörur eða vörur í takmörkuðu upplagi hjá ykkur fyrir jólin?

„Já, það eru tvær vörur sem við erum með í takmörkuðu magni það er jólasíldin okkar, en hún hefur alltaf selst upp í kringum miðjan desember, og svo erum við með takmarkað magn af stærsta humrinum okkar, sem hefur einning selst upp síðustu tvö ár.”

Verðið þið með einhverjar kynningar eða tilboð í boði fyrir hátíðarnar? „Við höfum síðustu ár verið með smakk af ákveðnum vörum fyrir jólin og byrjun jafnan í byrjun desember með það. Þá detta tilboð og gjafaleikir alltaf inn hjá okkur reglulega á þessum tíma.”

### Lúða, bleikja og þorskur alltaf að verða vinsælli um hátíðarnar

Fiskur er stöðugt að vinna á yfir jólahátíðina, hvaða fisk myndir þú mæla með öðrum en humar, sem er klassík, sem hátíðarmat úr fiskborðinu hjá ykkur? „Lúða, bleikja og þorskur er alltaf að verða vinsælli um hátíðarnar. Þá er fólk að reyna að passa sig á öllu þessu salta kjöti sem við neytum oft í miklu magni á þessum tíma. Rækjur og argentískar rækjur eru líka að koma sterkar inn bæði sem forréttur og eins sem aðalréttur í



Hressi! Bjarki og Tommi með stóran humar, sem er í takmörkuðu magni og þá er skatan komin í verslunina

ýmsum útfærslum. Humarsúpan er samt kannski vinsælasta varan á þessum tíma og við seljum mörg hundruð lítra af henni um jól og áramót.”

En hvernig er annars með fiskborðið ykkar þegar nálgast hátíðarnar, er því kúplað út eða er alltaf fjölbreytt úrval af fiski og fiskréttum í boði allan ársins hring? „Úrvalið er aðeins breytilegt á þessum tíma og er það af mörgum ástæðum, skatan kemur inn, svo er salan öðruvísi á milli hátíða því þá vill fólk steiktan fisk og soðning. Annars reynum við alltaf að hafa úrvalið eins fjölbreytt og við getum.”

Hvað segir svo verslunarsjórinn að lokum, hvað gerir Hafið fiskverslun að þeirri einstöku verslun sem hún er?

„Þegar stórt er spurt þá er betra að vanda svarið, en fyrst og fremst er það starfsfólkið okkar og viðskiptavinirnir sem skipta mestu máli því án þessara tveggja hlekkja væri keðjan rofin. Svo erum við að kappkosta við að vera með ferskasta hráefnið hverju sinni og vöndum okkur í gerð þeirra rétta sem við erum að framleiða. Núna flytjum við sjálfir inn það hráefni sem við erum ekki að fá ferskt úr sjónum, þannig sköpum við okkur líka meiri sérstöðu í bragði og úrvali á réttum,” segir Bjarki hress að lokum.



Í Hafinu er hægt að reyktan og grafinn lax ásamt sósum

## Borgarlína, skipulag og umhverfismat fyrstu lotu til kynningar



Kópavogsbær og Reykjavíkurborg hafa samþykkt að kynna tillögur að rammahluta aðalskipulags fyrir fyrstu lotu Borgarlínunnar. Fyrsta lotan er á milli Hamraborgar í Kópavogi og Ártúnshöfða í Reykjavík.

Skipulagsgögnin fjalla meðal annars um legu Borgarlínunnar, staðsetningu stöðva og umhverfisáhrif Borgarlínunnar. Jafnframt eru sett fram almenn viðmið um hönnun göturýma og forgang virkra ferðamáta og almenningssamgangna.

Vegagerðin hefur jafnframt lagt fram til kynningar umhverfismatsskýrslu vegna framkvæmda við fyrstu lotu Borgarlínu.

Með Borgarlínunni verður til nýtt almenningsamgöngukerfi sem bindur sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu betur saman, með betri lífsgæðum og einfaldara lífi fyrir íbúa. Með henni er verið að styrkja innviði og taka nauðsynleg skref í loftslagsmálum og í átt að betri lýðheilsu.

### Kynningarfundur á nýju ári

Skipulagsgögnin og umhverfismatsskýrsla eru aðgengileg í Skipulagsgáttinni. Frestur til athugasemda er til 25. janúar 2025.

Kynningarfundur verða haldnir á nýju ári; í Kópavogi miðvikudaginn 15. janúar 2025 og í Reykjavík fimmtudaginn 9. janúar. Fundirnir verða nánar auglýstir síðar.

eignaumsjon.is

VR

FYRIRMYNDAR  
FYRIRTÆKI 2023  
Eignaumsjón

2023 Fyrirmyndarfyrirtæki  
í rekstri  
Vöðvablaðið Keldan

## Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30  
Reykjavík | Sími 585 4800



# Hagstæðasta

# Þakkargjörðarhátíðin

Veislumáltíð á innan við 2.000 kr. á mann!

Fullleðuð kalkúnabringa og meðlæti fyrir fjóra.



Gleðilega  
þakkargjörð

nettó

# MEIRI ÁRANGUR FYRIR OKKUR ÖLL



1. Bjarni  
Benediktsson



2. Þórdís Kolbrún  
Reykjarö



3. Bryndís  
Haraldsdóttir



4. Rósa  
Guðjónsdóttir



5. Jón  
Gunnarsson



6. Árni  
Helgason



7. Ragnhildur  
Jónsdóttir



8. Viktor Pétur  
Finnsson



9. Sunna  
Sigurðardóttir



10. Jana Katrín  
Knútsdóttir



11. Ragnhildur  
Sophusdóttir



12. Halla Sigrún  
Mathiesen



13. Birkir  
Guðlaugsson



14. Eva Björk  
Harðardóttir



15. Birgir Leifur  
Hafþórsson



16. Sigríður Marta  
Harðardóttir



17. Óskar Örn  
Ágústsson



18. Þorvarður  
Hrafn Ásgeirsson



19. Díana Björk  
Olsen



20. Vigdís  
Gunnarsdóttir



21. Bjarni Th  
Bjarnason



22. Kristján  
Jónas Svavarsson



23. Birta Guðrún  
Helgadóttir



24. Bogi  
Jónsson



25. Hólmar Már  
Gunnlaugsson



26. Ingimar  
Sigurðsson



27. Elísabet S.  
Ólafsdóttir



28. Óli Björn  
Kárason

